



Samanburður á núverandi samþykkt um stjórn Ísafjarðabæjar og ákvæðum með breytingatillögum

Breytingatillaga

Fjarfundir

14. gr.

Þátttaka í fundi með rafrænum hætti

Sveitarstjórnarmönnum/nefndarmönnum í sveitarstjórn, nefndum og ráðum á vegum sveitarfélagsins er heimilt að taka þátt í fundi með rafrænum hætti, séu þeir staddir í sveitarfélaginu Ísafjarðarbæ eða í erindagjörðum innanlands á vegum þess.

Fer um framkvæmd slíkra funda skv. leiðbeiningum ráðuneytis sveitarstjórnarmála, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

Fella skal út orðin „síma- eða“ í 4. mgr. 39. gr.

Núverandi samþykkt

14. gr.

Fjarfundarbúnaður.

Bæjarstjórn getur ákveðið að heimilt sé að nota fjarfundarbúnað á fundum, ef veður eða færð hamla venjubundnu fundahaldi.

Fund í gegnum fjarfundarbúnað skal þó aðeins halda ef brýna nauðsyn ber til og ekki er hægt að fresta afgreiðslu þeirra mála sem á dagskrá fundarins eru, að mati forseta bæjarstjórnar og bæjarstjóra. Sé fjarfundur haldinn skal fundargerð lesinn upp í lok fundar í áheyrn allra og undirrituð af viðkomandi fundarmönnum á næsta venjubundna fundi eða á bæjarskrifstofu, í samráði við bæjarstjóra.

Leitast skal við að jafnræðis sé gætt, þannig að sé boðað til fundar með notkun fjarfundarbúnaðar, að allir bæjarfulltrúar notist við fjarfundarbúnað á fundinum. Allir fundarmenn skulu vera sýnilegir á fundinum. Bæjarfulltrúi í fjarfundarbúnaði skal vera með innlegg og taka þátt í fundi með sama hætti og á venjubundnum fundi. Tryggja skal almenningi aðgang að fjarfundi eftir því sem kostur er.

Að öðru leyti vísast til 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga og auglýsingar ráðherra, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga, um framkvæmd fjarfunda.

Heimilt er að halda fund með **síma- eða** fjarfundarbúnaði að uppfylltum þeim skilyrðum sem fram koma í 14. gr. samþykktar þessarar.

Breytingatillaga

Núverandi samþykkt

Gerðabækur

1. breyting

Fella skal út textann „í gerðabók“ í 1. mgr. I. kafla 16. gr.

2. breyting

Fella skal út textann „Færa skal í gerðabók bæjarstjórnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerðar. Viðstaddir bæjarfulltrúar skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók.“ í 3. mgr. I. kafla 16. gr.

16. gr.

Fundarsköp og ritun fundargerða.

I. Ritun fundargerða.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið númers fundar, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir ráða og nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða ráð og nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Fundargerð skal skráð í tölvu. Færa skal í gerðabók bæjarstjórnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerðar. Viðstaddir bæjarfulltrúar skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal fundargerð undirrituð af fundarmönnum. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu. Fundir bæjarstjórnar eru hljóðritaðir nema bæjarstjórn ákveði annað.

Breytingatillaga

3. breyting

1. mgr. a liðar II. kafla 16. gr. verður svohljóðandi:

a. Fundarstjórn. Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega ritaðar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar

4. breyting

2. mgr. 40. gr. verður svohljóðandi:

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu rita fundargerðir með rafrænum hætti, að öðrum kosti skal halda gerðabók þar sem fundargerð er rituð skv. samþykkt þessari. Kjörinn ritari nefndar skal rita fundargerð. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða, nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 1. mgr. 16. gr. samþykktar þessarar.

Núverandi samþykkt

II. Fundarsköp.

Meginreglur fundarskapa skulu vera eftirfarandi:

a. Fundarstjórn. Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók bæjarstjórnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

40. gr.

Fundarstjórn og fundargerðir

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða, nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 1. mgr. 16. gr. samþykktar þessarar.

Breytingatillaga

Núverandi samþykkt

Ráðningar

51. gr.

Ráðning í æðstu stjórnunarstöður

Bæjarstjórn ræður starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður hjá Ísafjarðarbæ, og veitir þeim lausn frá starfi. Um er að ræða sviðsstjóra, mannauðsstjóra, slökkviliðsstjóra og hafnarstjóra.

52. gr.

Um ráðningu annarra starfsmanna.

Bæjarstjóri ræður stjórnendur stofnana og veitir þeim lausn frá störfum. Stjórnendur stofnana annast ráðningu annarra starfsmanna í samráði við sviðsstjóra.

Upplýsa skal viðkomandi fagnefnd um ráðningu stjórnenda stofnana á næsta fundi nefndarinnar.

51. gr.

Ráðning stjórnenda.

Bæjarstjórn ræður sviðsstjóra. Ennfremur ræður bæjarstjórn, að fengnum tillögum viðkomandi fagráða og stjórna, framkvæmdastjóra fyrirtækja með sjálfstæðan fjárhag sem eru í eigu bæjarsjóðs.

52. gr.

Ráðning annarra starfsmanna.

Bæjarstjóri ræður stjórnendur stofnana að fengnum tillögum viðkomandi fagnefnda. Stjórnendur stofnana ráða aðra starfsmenn í samráði við sviðsstjóra

Breytingatillaga

Önnur ákvæði breytt til samræmis við nýja fyrirmynd ráðuneytisins

5. gr.

Verkefni sveitarstjórnar

10. Setja sveitarfélaginu málstefnu skv. 130. gr. sveitarstjórnarlaga.
11. Móta stefnu fyrir komandi ár og næstu þrjú ár á eftir um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðakjörnum viðkomandi sveitarfélaga, sbr. 130. gr. a. sveitarstjórnarlaga.

12. gr.

Opinn eða lokaður fundur

Fundir bæjarstjórnar eru opnir, en bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls, svo sem viðkvæmra einkamála manna eða viðskiptamála sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Bæjarstjórn eða forseti geta ákveðið að tillaga um lokun fundar sé rædd fyrir luktum dyrum.

Það sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn er trúnaðarmál

Þrátt fyrir að fundi sé lokað er heimilt að ákveða að tilteknir starfsmenn Ísafjarðarbæjar séu viðstaddir.

15. gr.

Tvær umræður í sveitarstjórn

3. tl. Stefnurmarkandi áætlanir sem gilda eiga til lengri tíma og taka til sveitarfélags í heild eða meiri hluta þess.
4. tl. FELLDUR ÚT (6. tl. verður 4. tl.)
5. tl. FELLDUR ÚT (6. tl. verður 4. tl.)

Núverandi samþykkt

Tveir nýjir töluliðir inn, síðast í 5. gr. samþykkanna, nr. 10. og 11.

12. gr.

Opinn eða lokaður fundur

Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls, svo sem viðkvæmra einkamála manna eða viðskiptamála sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Bæjarstjórn eða forseti geta ákveðið að tillaga um lokun fundar sé rædd fyrir luktum dyrum.

Það sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn er trúnaðarmál.

15. gr.

Tvær umræður í sveitarstjórn

3. tl. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir
4. Tilkynningu til eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.
5. Stefnurmarkandi áætlanir sem gilda eiga til lengri tíma og taka til sveitarfélagsins í heild eða meirihluta þess.

Breytingatillaga

35. gr.

Kosning og kjörgengi

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða að nefnd fyrir hluta sveitarfélags sé kosin af íbúum viðkomandi hluta þess að uppfylltum öðrum skilyrðum 38. gr. sveitarstjórnarlaga

48. gr.

Nefndir, ráð, stjórnir, tilnefningar og kosningar

(9. tl. A liðar)

9. *Kjörstjórnir*: Bæjarstjórn kýs í yfirkjörstjórn Ísafjarðarbæjar þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara skv. 17. gr. kosningalaga nr. 112/2021. Kjörstjórn kýs sér oddvita úr sínum hópi og skiptir með sér verkum. Kjörstjórnir fara með þau verkefni sem þeim eru falin samkvæmt ákvæðum kosningalaga.

Ennfremur kýs sveitarstjórn þrjár undirkjörstjórnir, fyrir Þingeyri, Flateyri og Suðureyri, svo og þrjár fyrir Skutulsfjörð. Bæjarstjórn er heimilt að kjósa eina hverfiskjörstjórn fyrir Skutulsfjörð í samræmi við 2 mgr. 17. gr. kosningalaga. Í hverja undirkjörstjórn skal kosið þrjá aðalmenn og jafnmarga varamenn.

(nýr 9. tl. B liðar)

9. *Náttúrustofa Vestfjarða*: Sveitarstjórn kýs fulltrúa í stjórn Náttúrustofu Vestfjarða í samræmi við samþykktir félagsins.

62. gr.

Borgarafundir, íbúáþing, íbúakosningar o.fl.

Um samráð við íbúa, þ.m.t. borgarafundi, íbúáþing og íbúakosningar, gilda ákvæði X. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Núverandi samþykkt

35. gr.

Kosning og kjörgengi

Nýtt ákvæði 2. mgr. 35. gr.

Nýtt ákvæði í fyrirmynd af samþykktum. Mætti nýta fyrir kosningar til hverfisráða.

48. gr.

Nefndir, ráð, stjórnir, tilnefningar og kosningar

(9. tl. A liðar)

9. *Kjörstjórnir*: Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í yfirkjörstjórn, sbr. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og 14. gr. laga um sveitarstjórnarkosningar nr. 5/1998. Undirkjörstjórnir eru jafnmargar og kjördeildir eru: Þrír aðalmenn skulu kjörnir í hverja og jafnmargir varamenn. Yfirkjörstjórn er kosin á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Undirkjörstjórnir skulu jafnframt kosnar af bæjarstjórn. Kjörstjórnir fara með þau verkefni sem þeim eru falin samkvæmt ákvæðum fyrrgreindra laga.

(nýr 9. tl. B liðar)

Náttúrustofa Vestfjarða er ekki getið í samþykktum Ísafjarðarbæjar.

62. gr.

Borgarafundir, íbúáþing, íbúakosningar o.fl.

Nýtt ákvæði – 62. og 63. gr. færast neðar